




Sveitarfélagið Skagafjörður

MENNTASTEFNA SKAGAFJARÐAR



EFNISYFIRLIT

Ávarp	3
Inngangsorð	4
Mótun menntastefnu Skagafjarðar	5
Menntastefna Skagafjarðar	6
Læsi í viðum skilningi	7
Heilbrigði og velferð	9
Sköpun	10
Samvinna og samskipti	12
Umhverfisvitund og sjálfbærni	14
Skólasamfélagið í Skagafirði	16
Viðauki	17
Heimildir	18



ÁVARP

MENNTASTEFNA SKAGAFJARÐAR

Stundum er sagt að það þurfi heilt þorp til að ala upp barn. Það má til sanns vegar færa, því við sem íbúar í lýðræðislegu samfélagi berum ábyrgð á velferð hver annars, eigum sameiginlega hagsmuni af því að hlúa sem best að börnum okkar, persónulegum þörfum þeirra og menntun í viðum skilningi.

Menntastefna Skagafjarðar er leiðarljós skólustarfs í Skagafirði. Hún nær til leik-, grunn- og framhaldsskóla, tónlistarskóla og frístundastarfs í Skagafirði. Menntastefna Skagafjarðar markar okkur framtíðarsýn og á erindi við alla íbúa samfélagsins. Hún byggir á þeim grunngildum að menntun barna skuli beinast að því að styrkja tækifæri þeirra til að rækta hæfileika sína og fá að njóta þeirra í samfélagi við aðra á jafnræðisgrunni.



Menntastefnan markar ramma um megináherslur í starfi skóla og skólaþjónustu í Skagafirði. Henni er ætlað að mæta þeim áskorunum sem felast í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum. Áskoranir sem kalla á að lærdómssamfélagið okkar byggi á sterkum þekkingargrunni og sé skapandi, sveigjanlegt og framsækið. Því er okkur mikilvægt að hlúa vel að skóla- og frístundastarfi. Það er einkar ánægjulegt að fylgja Menntastefnu Skagafjarðar úr hlaði. Að gerð hennar hefur komið stór hópur fólks, jafnt úr skólasamfélaginu sem og utan þess, fólk sem hefur áhuga á að móta skýra en um leið raunhæfa sýn sem hjálpar okkur, kjörnum fulltrúum, að taka ákvarðanir í skóla- og frístundamálum til framtíðar. Öllum þessum aðilum þakka ég kærlega fyrir þeirra vinnu við gerð stefnunnar.

Með þessum orðum óska ég nemendum, foreldrum þeirra og skólasamfélaginu öllu allra heilla í framtíðinni.

Laufey Kristín Skúladóttir,
formaður fræðslunefndar í Sveitarfélaginu Skagafirði.

MENNTASTEFNA SKAGAFJARÐAR INNGANGSORÐ

Hér lítur dagsins ljós ný Menntastefna Skagafjarðar sem nær til allra barna og ungmenna frá upphafi skólagöngu í leikskóla til loka náms í framhaldsskóla. Í stefnumótunarferlinu hafa hagsmunaaðilar í skólastarfi, þ.e. starfsfólk leik-, grunn-, tónlistar-, og framhaldsskóla, starfsfólk frístundar, nemendur, foreldrar/forsjáraðilar, kjörnir fulltrúar í fræðslunefnd, íbúar og starfsfólk fræðsluþjónustu Skagafjarðar tekið höndum saman og ígrundað mikilvægi skólastarfs á breiðum grunni með umbætur að leiðarljósi.

Það er einkar ánægjulegt að svo breiður hópur einstaklinga í samfélaginu okkar rýni til gagns og móti í sameiningu veginn áfram í lærdómssamfélaginu Skagafirði. Hugtakið Skólar í Skagafirði stendur fyrir öflugum og samfelldu lærdómssamfélagi sem nær út fyrir veggja skólanna. Menntastefna Skagafjarðar hvetur okkur öll til samstarfs og áframhaldandi frampróunar í skóla- og frístundastarfi í skapandi lærdómssamfélagi.



Stefnan tekur mið af gildandi lögum og reglugerðum á öllum skólastigum, ásamt Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og Heimsmarkmiðunum. Stefnan snýr að börnum og ungmennum, þörfum þeirra í námi og velferð þeirra. Í stefnunni er lögð áhersla á að aðlaga skólastarf nemendum til heilla um leið og henni er ætlað að mæta áskorunum samfélagsins á hverjum tíma.

Ég vil þakka öllum þeim aðilum sem komið hafa að stefnumótunarvinnunni með einum eða öðrum hætti fyrir þeirra framlag. Einnig vil ég þakka fulltrúum skólanna og frístundar í menntastefnuteyminu fyrir faglega og góða vinnu. Sérstakar þakkir færi ég Helgu Harðardóttur, kennsluráðgjafa/verkefnastjóra, fyrir að leiða vinnuna. Menntastefna Skagafjarðar tengir okkur saman og leiðir okkur inn í bjarta framtíð frístunda- og menntamála í Sveitarfélaginu Skagafirði.

Selma Barðdal Reynisdóttir,
fræðslustjóri í Sveitarfélaginu Skagafirði.



MÓTUN MENNTASTEFNU SKAGAFJARÐAR

Formleg vinna að mótun nýrrar menntastefnu Skagafjarðar hófst í nóvember 2018 þegar menntastefnuteymi var skipað. Teymið hefur haldið utan um mótunarferlið og fulltrúar þess hafa séð um verkefnavinnu meðal nemenda og starfsmanna í hverjum skóla/ frístund. Auk þeirra tóku fulltrúar fræðslunefndar sveitarfélagsins þátt í stefnumótuninni á ýmsum stigum vinnunnar. Stefnan gildir um nám á þremur skólastigum, um frístund barna og ungmenna og tónlistarnám í Sveitarfélaginu Skagafirði. Markmiðið með því að stefnan nái til fleiri skólastiga og frístundar er að auka samvinnu skóla og samfellu í námi. Lögð er áhersla á að nám barna og ungmenna eigi sér stað bæði innan skólans sem og í frístundastarfi.

Í mótunarferli nýrrar menntastefnu hafa hugmyndir um lærdómssamfélagið og hugmyndir um heiltæka nálgun í skólastarfi verið leiðarljósið. Í lærdómssamfélaginu lærir hver með og af hver öðrum, lærdómssamfélagið styður vel við hugmyndafræðina menntun án aðgreiningar. Í heiltækri nálgun í skólastarfi taka allir starfsmenn, sem koma að námi barna og ungmenna, ábyrgð á námi, kennslu og skólastarfinu í heild.

Hagsmunaaðilar í skólastarfi, starfsfólk skólanna, nemendur allra skólastiga, starfsfólk frístundar, starfsfólk fræðsluþjónustu, foreldrar/forsjáraðilar, íbúar og fulltrúar sveitarstjórnar hafa sameinast um stefnu og leiðir að sameiginlegri sýn varðandi umgjörð og kjarna skólastarfs í skólasamfélaginu í Skagafirði. Alls hafa um 910 einstaklingar komið að mótun nýrrar menntastefnu Skagafjarðar með verkefnavinnu innan skóla, fræðslu- og frístundaþjónustu og á íbúafundum.

Fulltrúar í menntastefnuteymi:

Aðalbjörg Þorgrímsdóttir, leikskólastjóri, Leikskólinn Ársalir
 Anna Árnína Stefánsdóttir, leikskólastjóri, Leikskólinn Tröllaborg
 Anna María Guðmundsdóttir, tónlistarkennari, Tónlistarskóli Skagafjarðar
 Helga Harðardóttir, kennsluráðgjafi/verkefnastjóri, Fræðsluþjónusta Skagafjarðar
 Ingibjörg Skarphéðinsdóttir, leikskólaliði, Leikskólinn Birkilundur
 Ingvi Hrannar Ómarsson, kennsluráðgjafi, Fræðsluþjónusta Skagafjarðar, Árskóli
 Kolbrún M. Passaro, frístundaleiðbeinandi, Frístundaþjónusta Skagafjarðar
 Kristján B. Halldórsson, aðstoðarskólameistari, FNV
 Ólafur Atli Sindrason, grunnskólakennari, Varmahlíðarskóli
 Selma Barðdal, fræðslustjóri, Fræðsluþjónusta Skagafjarðar
 Sigurlaug Rún Brynleifsdóttir, deildarstjóri stoðþjónustu, Grunnskólinn austan Vatna
 Sólveig Arna Ingólfsdóttir, aðstoðarleikskólastjóri, Leikskólinn Ársalir

Fulltrúar í fræðslunefnd:

Laufey Kristín Skúladóttir, formaður
 Elín Árdís Björnsdóttir, varaformaður
 Jóhanna Ey Harðardóttir, ritari
 Sigurjón Þórðarson, áheyrnarfulltrúi

MENNTASTEFNA SKAGAFJARÐAR

Áhersluþættir í menntastefnu Skagafjarðar eru fimm, þ.e. læsi í viðum skilningi, heilbrigði og velferð, sköpun, samvinna og samskipti og umhverfisvitund og sjálfbærni. Hverjum áhersluþætti eru gerð skil í sér köflum í stefnunni. Þar eru markmið sett fram og gefin dæmi um leiðir að þeim. Þá er gerð grein fyrir þeim skólum og stofnunum sem stefnan nær til og í viðauka fjallað um fræðileg hugtök sem fram koma í stefnunni. Með menntastefnunni fylgir útfærð aðgerðaáætlun til næstu þriggja ára.

Menntastefna Skagafjarðar verður endurskoðuð á þriggja ára fresti. Endurskoð-

unarferlið mun fara fram á meðal hagsmunaaðila í skólastarfi með aðferðum innra mats. Eftirfylgni og endurskoðun stefnunnar verður í höndum fræðslunefndar og starfsmanna skólasamfélagsins eftir atvikum, sem jafnframt fylgja innleiðingu hennar eftir.

Meginmarkmið menntastefnunnar er að skapa umgjörð um skólasamfélag þar sem börn og ungmenni í Skagafirði búa við framúrskarandi skilyrði til þroska og menntunar, þar sem þörfum hvers og eins er mætt á einstaklingsgrunni skv. hugmyndafræðinni menntun fyrir alla.

Markmið

- Að börn og ungmenni í Skagafirði njóti bestu skilyrða til menntunar og þroska, bæði náms- og félagslega, allt frá upphafi leikskólagöngu til loka náms í framhaldsskóla.
- Að þróa virkt lærdómssamfélag meðal allra hagsmunaaðila í skólastarfi í Skagafirði með aukinni samþættingu og samvinnu ólíkra skóla, skólagerða og frístundar.
- Að skólasamfélagið í Skagafirði þróist og taki breytingum í takt við nýja þekkingu og kröfur samfélagsins á hverjum tíma.



LÆSI Í VÍÐUM SKILNINGI

Læsi í víðum skilningi felur í sér að nemendur geti lesið sér til gagns og ánægju en jafnframt að þeir séu læsir á umhverfi sitt. Meginmarkmið læsis er að nemendur séu virkir þátttakendur og bregðist á persónulegan, skapandi og gagnrýninn hátt við því sem þeir lesa með hjálp þeirra miðla og tækni sem völ er á. Mikilvægt er að nemendur öðlist færni í

að nýta íslensku í öllu námi, leik og starfi. Þetta gildir jafnt um þá sem eiga íslensku að móðurmáli, þá sem eru af erlendu bergi brotnir og þá sem hafa táknmál að móðurmáli. Leggja ber áherslu á að nemendur þjálfist í að tjá þekkingu sína, skoðanir og tilfinningar á fjölbreyttan hátt. Í öllum skólum Skagafjarðar er unnið eftir Lestrarstefnu Skagafjarðar.

Markmið

- Að allir skólar vinni eftir Lestrarstefnu Skagafjarðar.
- Að styðja foreldra og auka fræðslu til þeirra um mikilvægi lesturs, sérstaklega í byrjun lestrarnáms.
- Að leita leiða til að styrkja samstarf skólabókasafna og almenningsbókasafna með það að markmiði að hvetja nemendur til lesturs og þekkingarleitar.
- Að vinna að stefnumótun um nám og kennslu í stærðfræði og raungreinum í skólum Skagafjarðar.
- Að finna leiðir til að efla og kynna tónlistarnám og tónlistariðkun yngri barna með markvissum og skipulögðum hætti.

**Leggja ber
áherslu á að
nemendur þjálfist
í að tjá þekkingu
sína, skoðanir
og tilfinningar á
fjölbreyttan
hátt**

Dæmi um leiðir í skóla- og frístundastarfi:

- Að vinna með bókstafi og tölustafi í leik og starfi á öllum leikskólum.
- Að hafa bækur aðgengilegar og sýnilegar í stofum og á göngum.
- Að kynna Skagafjörð vel fyrir nemendum og fara í grenndarkynningar um fjörðinn.
- Að kenna nemendum að leita upplýsinga á netinu og kenna þeim að meta sannleiksgildi heimilda.
- Að bjóða upp á táknmálskenndu.
- Að vinna með lestur á umhverfisskiltum á öllum skólastigum.
- Að leggja áherslu á ritun og skapandi skrif.
- Að hafa yndislestur á stundatöflu allra nemenda.
- Að hlúa að nemendum af erlendum uppruna og móðurmáli þeirra.
- Að kenna stærðfræði sem nýtist í daglegu lífi.
- Að leggja áherslu á kennslu í fjármálalæsi í grunn- og framhaldsskóla.
- Að bjóða upp á raf- og hjóðbækur í námi og kenndu.
- Að kenna og þjálfun í rituðu máli verði hluti af upplýsingamennt og lögð verði aukin áhersla á þessa þætti í grunn- og framhaldsskólum.
- Að kenna neyslulæsi á öllum skólastigum.
- Að hvetja börn og unglunga til að njóta og túlka sköpunarverk annarra.
- Að fá rithöfunda til að kynna eigin verk á öllum skólastigum og veita kynningu á starfi sínu og rithöfunda almennt.
- Að leggja áherslu á lestur, hlustun og tjáningu á öllum skólastigum.
- Að virkja sjálfbóðaliða á öllum skólastigum, s.s. eldri borgara, inni í skólunum til að hlusta á nemendur lesa og jafnvel lesa fyrir þá.



HEILBRIGÐI OG VELFERÐ

– með áherslu á geðrækt, ábyrgð, sjálfsstyrkingu, sjálfseflingu og sjálfsmynd

Heilsa er skilgreind sem líkamleg, andleg og félagsleg velferð. Til að stuðla að góðri heilsu þarf, í samvinnu við heimilin, að leggja rækt við hollar lífsvenjur nemenda, að nemendur geri sér grein fyrir eigin

ábyrgð og öðlist skilning á því að heilbriggt lífarni stuðlar að almennri velferð. Góð heilsa er undirstaða velfarnaðar í námi og starfi og virkri þátttöku í samfélaginu.

Markmið:

- Að Sveitarfélagið Skagafjörður verði heilsuefandi samfélag og allir skólar taki þátt í heilsuefandi verkefnum frá Landlæknisembættinu.
- Að allir skólar vinni eftir mannelismarkmiðum frá Embætti Landlæknis og bjóði upp á góðar og hollar skólamáltíðir með morgunmat, hádegismat og síðdegiskaffi þar sem við á. Leitast skal við að nýta hráefni úr héraði eins og kostur er.
- Að allir grunnskólar í Skagafirði séu þátttakendur í Vinaliðaverkefninu.
- Að öllum nemendum sé tryggð viðeigandi stoðþjónusta til þess að uppfylla skilyrði um menntun fyrir alla og að aðgengi að skólum/frístund sé gott.
- Að skólalóðir og svæði til frístundar séu stöðugt til skoðunar og þess gætt að þau séu vel búin öruggum tækjum til hreyfingar, leikja og náms.

Dæmi um leiðir í skóla- og frístundastarfi:

- Að stuðla að hreyfingu hjá öllum nemendum á hverjum degi.
- Að unglिंगastig fari út í frímínútum a.m.k. tvisvar sinnum í viku.
- Að hafa lengri sund- og íþróttatíma hjá öllum nemendum.
- Að auka hreyfingu í tengslum við bóklegar greinar, t.d. fara í heimsóknir og vinna verkefni úti og auka þannig vægi útikennslu.
- Að bjóða upp á íþróttatíma í íþróttahúsi fyrir leikskólabörn á leikskólatíma.
- Að leggja áherslu á heilbrigðan lífsstíl og hvetja nemendur til að hreyfa sig daglega.
- Að auðvelda aðgengi nemenda að þjónustu sálfræðinga.
- Að skipuleggja sérstaka hreyfidaga/-vikur í skólanum.
- Að bjóða upp á jóga sem hluta af námi.
- Að skipuleggja dans í íþróttum.
- Að hafa leikvelli unglिंगavænni.
- Að hafa sérstaka hrósdaga.
- Að efla sjálfsmynd barna og ungmenna með fjölbreyttum leiðum.
- Að bjóða nemendum upp á hvíldartíma í skólanum.
- Að seinka skólabyrjun eldri nemenda.
- Að bjóða upp á næringarfræði í grunnskólum.
- Að bjóða upp á ávexti og grænmeti án endurgjalds í og á milli kennslustunda.
- Að skipuleggja skólahlaup.
- Að bjóða upp á markvissar vinnustofur í tíma- og streitustjórnun.
- Að festa útikennslu í stundatöflu.

**Heilbriggt
lífarni stuðlar
að almennri
velferð**

SKÖPUN

– með áherslu á list- og verkgreinar og upplýsingatækni

Sköpun er nauðsynlegur þáttur í allri menntun og nær þannig til allra annarra grunnþátta aðalnámskrár. Lögð er áhersla

á frjótt, skapandi starf, verklega færni og nýsköpun þar sem hvatt er til frumkvæðis og sjálfstæðis í vinnubrögðum.

Markmið:

- Að Sveitarfélagið Skagafjörður stuðli að áframhaldandi framþróun í notkun upplýsingatækni í námi og kennslu og skólarnir séu í fremstu röð á því sviði.
- Að samhliða framþróun í notkun upplýsingatækni verði lögð áhersla á gagnrýna hugsun, ábyrga netnotkun og virðingu í rafrænum samskiptum.
- Að viðmiðunarstundaskrá í list- og verkgreinum sé framfylgt samkvæmt lögum um grunnskóla og áhersla lögð á skapandi starf í skólum/frístund.
- Að sérstök áhersla verði lögð á að byggja upp viðeigandi aðstöðu til list- og verkgreinakennslu í leik-, grunn- og tónlistarskólum.
- Að setja á fót nýsköpunarkeppni allra skóla í Skagafirði.



Dæmi um leiðir í skóla- og frístundastarfi:

- Að skólar hafi nýsköpun á stundatöflu nemenda.
- Að leiklist, tónlist, myndlist og dans séu kennd vikulega í öllum árgöngum og sett á stundatöflu samkvæmt viðmiðunarstundaskrá aðalnámskrár.
- Að hönnun og smíði, heimilsfræði og textíll séu kennd vikulega í öllum árgöngum og sett á stundatöflu samkvæmt viðmiðunarstundaskrá aðalnámskrár.
- Að hvetja alla nemendur á unglíngastigi grunnskóla að taka list- og verkgrein í a.m.k. helmingi af val tímum sínum.
- Að allir skólar hafi, á hverju ári, þemaviku þar sem áhersla er lögð á skapandi vinnu.
- Að fjölga valgreinum á mið- og unglíngastigi þar sem áhersla er lögð á sköpun.
- Að boðið sé upp á Snilldarstund (e. Genius Hour), bæði í vali og skyldunámi nemenda frá 5. bekk.
- Að skólar leggi áherslu á að nemendur hafi möguleika á fjölbreyttum skilum verkefna á skapandi hátt.
- Að nemendur á öllum stigum fái forritunarkennslu og að hún sé sett á stundaskrá.
- Að allir nemendur fái tækifæri á hverju ári að stíga á svið í tengslum við leiklist, tónlist og dans.
- Að leiklist verði markvisst kennd til þess að efla og hvetja alla nemendur, en ekki einungis þá sem velja sér hana sem valgrein.
- Að útbúa aðstöðu þar sem auðvelt er að setja upp leiksýningar eða önnur verk sem nemendur útfæra.
- Að hafa söng á sal í hverri viku.
- Að setja á fót kórastarf í hverjum skóla og efla samstarf þeirra á milli.
- Að hafa tiltækt efni og verkfæri þannig að nemendur geti reist kofabyggð í frímínútum.
- Að leikskólar setji upp „drullubú“ fyrir börn að leika í og skapa í frjálsum leik.
- Að hvetja nemendur til að skila verkefnum með skapandi og fjölbreyttum hætti.
- Að lengja frímínútur nemenda og frjálsum leik.
- Að gefa nemendum svigrúm til að skapa og fönðra sjálfir, fá að velja efnivið og skapa eftir sínu höfði.



SAMVINNA OG SAMSKIPTI

– með áherslu á félagsfærni, virðingu, fjölbreytileika og jafnrétti

Samvinna og góð samskipti eru grundvöllur lífsleikni. Skólastarf skal grundvallast á að árangri og góðri líðan og heilbrigð jafnræði, jafnrétti og virðingu fyrir fjölsjálfsmynd er grundvöllur félagsfærni og breytileika.

Markmið:

- Að efla markvisst samstarf á milli skólastiga, skólagerða og frístundar, auka samfellu í námi og skapa sameiginlega sýn á uppeldi og nám.
- Að jafnréttisáætlun sé til í öllum skólum og frístund.
- Að hafa 1-2 sameiginlega starfsdaga á hverju ári þar sem öll skólastig og frístund koma saman.
- Að bjóða upp á gæslu/tómstundastarf fyrir alla nemendur á yngsta stigi grunnskólans eftir að skóla lýkur þar sem hæfileikar allra fá að njóta sín í skapandi skólastarfi.
- Að stuðla að auknum samskiptum nemenda og starfsfólks, t.d. með sameiginlegum dögum eins og Vinadeginum, Forvarnardeginum í Varmahlíðarskóla og GaV og gera ráð fyrir ferðakostnaði nemenda í fjárhagsáætlun.
- Að lögð verði áhersla á að samfella verði á milli skólastarfs og íþrótt- og frístundastarfs í dreifbýli með það að markmiði að auðvelda nemendum þátttöku.
- Að settur verði á fót starfshópur til að skoða starfsumhverfi leikskóla með það að leiðarljósi að bæta frekar vinnuumhverfi barna og starfsmanna og minnka álag í leikskólum.
- Að Skólaspejillinn sé notaður markvisst í leik- og grunnskólum til skólaþróunar.

Dæmi um leiðir í skóla- og frístundastarfi:

- Að efla samvinnu og samskipti milli allra skólastiga.
- Að bæta upplýsingaflæði á milli ólíkra skólagerða.
- Að efla nemendur í að sýna virðingu, tillitssemi og að þjálfa samvinnu og góð samskipti með félagsmótandi aðferðum.
- Að í öllum skólum og frístund sé unnið með nemendum í hópefli.
- Að vinabekkir hittist reglubundið í grunnskólunum.
- Að koma á fót heimsóknum milli skóla og eldri borgara, t.d. ömmu- og afaheimsóknir/lestur, heimsóknir í kennslustundir og bjóða íbúum oftast til þátttöku í skólastarfinu.
- Að starfsfólk skóla og frístundar sé góðar fyrirmyndir í öllu starfi í orði og verki.
- Að gæta þess að nemendur fái að leika og læra eftir áhugasviði sínu.
- Að efla samstarf og samskipti þvert á skólastig og skólagerðir.
- Að nýta fjölbreytta náms- og kennsluhætti í öllum skólum og skólagerðum.
- Að gefa nemendum tækifæri til að skipuleggja viðburði, sýningar og fyrirlestra.
- Að stuðla að virku og fjölbreyttu félagslífi nemenda og kynna viðburði nemendafélaga markvisst.
- Að efla nemendur í framkomu og ræðumennsku.
- Að fræða nemendur um mannréttindi, mismunandi menningu þjóða og tungumál og að bera virðingu fyrir mismunandi skoðunum.



- Að kenna nemendum að fagna fjölbreytileikanum og sýna umburðarlyndi.
- Að auka samvinnu milli deilda í leikskólum og blöndun aldurshópa.
- Að kenna ungum nemendum að hjálpast að, nota orð til að tjá sig og sýna samkennd.
- Að rödd nemenda heyrast. Bekkjafundir/ nemendafundir séu haldnir reglubundið fyrir alla nemendur á grunn- og framhaldsskólastigi.
- Að taka þátt í samstarfsverkefnum við aðra skóla á landinu, vinna verkefni með þeim og halda kynningar.
- Að hafa klúbbastarf í skólum/frístund og meira hópastarf.
- Að bjóða upp á LAN kvöld fyrir nemendur.
- Að nemendur fái tækifæri til að læra að forrita með samnemendum sínum sem hópur.
- Að efla ábyrgð nemenda á ákvarðanatöku varðandi skipulag félagslífs.
- Að virða tíma nemenda og starfsfólks, t.d. láta vita í tæka tíð ef kennsla fellur niður.
- Að hvetja til samstarfs foreldra varðandi samskiptamiðla og tækninotkun.
- Að nota snjalltæki sem vinnutæki, ekki leiktæki.
- Að bjóða upp á snjalltækjalausar frímínútur.
- Að leita leiða til að gera nemendur ábyrgari fyrir námi sínu.
- Að hafa gleði og gaman í skólanum.
- Að taka virka afstöðu gegn einelti.



UMHVERFISVITUND OG SJÁLFBÆRNI

Lögð er áhersla á að nemendur temji sér gildi sjálfbærni og umhverfisvitundar. Sjálfbærni felur í sér virðingu fyrir umhverfinu,

ábyrgð, heilbrigði, lýðræðisleg vinnu-brögð og réttlæti.

Markmið:

- Að sveitarfélagið hvetji starfsfólk og nemendur til að ganga eða hjóla í skólann í þéttbýli.
- Að allir skólar í Skagafirði flokki allt rusl og séu í fremstu röð er varðar umhverfisvitund.
- Að skólarnir og frístundin komi með öflugum hætti að mótun umhverfisstefnu sem áætlað er að vinna fyrir sveitarfélagið allt.
- Að skólarnir og frístundin leggi sitt af mörkum til kolefnisjöfnunar, m.a. með árlegri gróðursetningu.
- Að efla umhverfisvitund nemenda og starfsfólks með aukinni fræðslu um umhverfismál.

Dæmi um leiðir í skóla- og frístundastarfi:

- Að þegar keyptur er nýr búnaður, s.s. hljóðfærakostur, þá sé keyptur vandaður búnaður sem hægt er að nota til lengri tíma.
- Að leggja áherslu á góða aðstöðu til kennslu í umhverfis- og náttúrufræði.
- Að stunda kartöflurækt, grænmetisrækt og ræktun kryddjurta til að nota í skólamötuneyti.
- Að vinna verkefni sem stuðla að sjálfbærni, t.d. kenna börnum að gera moltuhauga með því að nýta matarafgangna frá mötuneyti og/eða vera með varphænur sem nýta þá.
- Að leggja áherslu á virðingu fyrir náttúrunni og mikilvægi þess að ganga vel um hana.
- Að leitast við að hafa umhverfisdaga í öllum skólum þar sem nemendur og starfsfólk hjálpast að við að tína rusl og fegra skólalóðina.
- Að bjóða upp á öfluga fræðslu um hlýnun jarðar, loftslagsbreytingar, kolefnissporið, áhrif plastnotkunar og áhrif ýmis konar neyslu eins og fatakaupa, notkunar snyrtivara og utanlandsferða.
- Að kynna framleiðsluferli matvæla og vegalengdir sem hlutirnir hafa farið á leið sinni í verlanir á Íslandi.
- Að nýta náttúruna til umhverfisvænnar orkuöflunar.
- Að taka þátt í umhverfisdögum sem merktir eru á almanakið, plastlausum september og öðrum viðburðum tengdum umhverfisvernd.



- Að hafa möguleika á að planta trjám og tengja það umræðu og fræðslu um kolefnisspor.
- Að vinna verkefni þar sem lögð er áhersla á að skoða orsök og afleiðingu varðandi umhverfismál, t.d. matarsóun, fatakaup og ýmis konar neyslu og tengja við efnahag og gjaldeyri.
- Að innleiða umhverfismál í sem flesta áfanga og námsgreinar.
- Að bjóða upp á öfluga fræðslu um sjálfbæran lífsstíl, vistvænar vörur og sóun.
- Að skólar og starfsfólk sýni fordæmi í verki þegar kemur að umhverfisvitund og hvetji nemendur til alvarlegrar umhugsunar um loftslagsmál og sjálfbærni.
- Að draga úr notkun efna sem eru skaðleg fyrir umhverfið.
- Að leggja áherslu á að bera virðingu fyrir verðmætum.
- Að leggja áherslu á góða umgengni um mat og reyna markvisst að sporna gegn matarsóun.
- Að nemendur geti skammtað sér sjálfir á diskana í mötuneyti og taki þannig ábyrgð á eigin matarsóun.
- Að hafa verklega kennslu í því hvernig má endurnýta og lagfæra hluti.
- Að auka möguleika á að nýta rafbækur og hljóðbækur í stað prentaðra bóka.
- Að leggja áherslu á endurnýtingu og að koma upp aðstöðu eða svæði í öllum skólum þar sem bæði kennarar og nemendur hafa greiðan aðgang að endurnýtanlegum efniviði.
- Að kenna flokkun á rusli og leggja áherslu á að koma upp góðri aðstöðu í öllum skólum til að auðvelda sorpflokkun.
- Að notaðir séu endurnýtanlegir pokar undir sorp þar sem við verður komið, t.d. taupokar undir papparusl.
- Að leggja áherslu á að efla skilning á þeirri staðreynd varðandi umhverfismálin að allir geti gert eitthvað en enginn geti gert allt.
- Að setja útikennslu á stundatöflu allra nemenda á öllum skólastigum þar sem lögð er áhersla á grenndarkennslu, umhverfisfræðslu, náttúrufræði og vettvangsferðir um nærumhverfið.
- Að skólarnir komi sér í sameiningu upp verkefnabanka sem hægt er að nýta í útikennslu.



SKÓLASAMFÉLAGIÐ Í SKAGAFIRÐI

Ný menntastefna Skagafjarðar nær til eftirfarandi:

Leikskólinn Ársalir, Sauðárkróki
<https://arsalir.skagafjordur.is/>

Leikskólinn Birkilundur, Varmahlíð
<https://birkilundur.skagafjordur.is/>

Leikskólinn Tröllaborg, Hólum og Hofsósi
<https://trollaborg.skagafjordur.is/>

Árskóli, Sauðárkróki
<https://www.arskoli.is/is/forsida>

Grunnskólinn austan Vatna, Hólum og Hofsósi
<http://www.gsh.is/is>

Varmahlíðarskóli
<http://www.varmahlidarskoli.is/is/forsida>

Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra
<http://www.fnv.is/>

Tónlistarskóli Skagafjarðar
<https://tonlistarskoli.skagafjordur.is/>

Frístund
<https://www.skagafjordur.is/is/thjonusta/ithrottir-og-tomstundastarf/hus-fritimans-1>

Fræðsluþjónusta Skagafjarðar
<https://www.skagafjordur.is/is/stjornsysla/skipulag/svid-deildir-og-stofnanir/fjolskyldusvid>



VIÐAUKI

Hugtakaskýringar

Menntun án aðgreiningar

Með hugtakinu menntun án aðgreiningar er átt við opinbert menntakerfi fyrir öll börn og unglunga þar sem komið er til móts við náms- og félagslegar þarfir þeirra í almennu skólastarfi með manngildi, lýðræði og félagslegt réttlæti að leiðarljósi. Gengið er út frá því að nemendur fái jöfn eða jafngild tækifæri til náms og að námið sé á forsendum hvers einstaklings og leitast er við að ryðja úr vegi hindrunum fyrir virkri þátttöku allra nemenda í skólasamfélaginu með merkingarbærri námskrá, skilvirkri kennslu og nauðsynlegum stuðningi. Menntun án aðgreiningar er samfelld ferli sem hefur það að markmiði að bjóða upp á góða menntun fyrir alla.

Lærdómssamfélagið

Í lærdómssamfélagi lærir hver með og af hver öðrum. „Lærdómssamfélag er hópur fólks sem deilir sameiginlegum áhuga og sýn á nám, vinnur saman, styður hvert annað og leitar sameiginlegra leiða til að greina starfshætti sína, bæta þá og innleiða nýja sem geta stuðlað að betri

árangri nemenda. Í því tilliti er leitað fanga innan og utan skólans... Í árangursríku lærdómssamfélagi ríkir menning sem hvetur og viðheldur stöðugu námi meðal starfsfólks skólans í þeim sameiginlega tilgangi að styrkja nám nemendanna“. (Anna Kristín Sigurðardóttir, 2013:37).

Heiltæk nálgun í skólastarfi

Hugtakið heiltæk nálgun (e. systemic approach) snýr að áherslu á menntakerfið sem heild. Heiltæk nálgun í skólastarfi nær til allra stiga og stofnana í menntakerfinu og yfir alla þætti sem haft geta áhrif á gæði menntunar. Í heiltækri nálgun er tekið mið af mismunandi stigum skólakerfisins, mismunandi starfssviðum og mismunandi hæfni. Hugmyndafræðin miðar að því að taka þurfi tillit til allra þessara þátta til þess að umbætur geti átt sér stað. Heiltæk nálgun til umbóta í skólastarfi er hugsuð út frá þörfum og aðstæðum á hverjum stað, þar sem allir hagsmunaaðilar í skólastarfi eru virkir þátttakendur og stefna að sameiginlegu markmiði. Árangur nemenda á mörgum sviðum og vellíðan er hér grunnhugsunin.

HEIMILDIR

Aðalnámskrá framhaldsskóla. Almennur hluti. (2011). Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Aðalnámskrá grunnskóla. Almennur hluti. (2011). Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Aðalnámskrá leikskóla. Almennur hluti. (2011). Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Anna Kristín Sigurðardóttir. (2013). Skóli sem lærdómssamfélag. Í Rúnar Sigþórsson og fl. (ritstj.). *Fagmennska í skólastarfi* (bls. 35-53). Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Cowan, D., Joyner, S., og Beckwith, S. (2012). *Getting serious about the system*. California: Corvwin.

Stoll, L., Bolam, R., McMahon, A., Wallace, M. og Thomas, S. (2006). Professional learning communities: A review of the literature. *Journal of Educational Change*, 7(4), 221- 258.



Menntastefna Skagafjarðar

ÁHERSLUÞÆTTIR

Læsi í víðum skilningi

– í öllum skólum Skagafjarðar er unnið eftir Lestrarstefnu Skagafjarðar.

Heilbrigði og velferð

– með áherslu á geðrækt, ábyrgð, sjálfstyrkingu, sjálfsefningu og sjálfmynd.

Sköpun

– með áherslu á list- og verkgreinar og upplýsingatækni.

Samvinna og samskipti

– með áherslu á félagsfærni, virðingu, fjölbreytileika og jafnrétti.

Umhverfisvitund og sjálfbærni

– lögð er áhersla á að nemendur temji sér gildi sjálfbærni og umhverfisvitundar.



Skagafjörður

Skagfirðingabraut 21

550 Sauðárkrúkur

Sími 455 6000

Bréfsími 455 6001

www.skagafjordur.is

Útgefið 2020

Útgefandi: Sveitarfélagið Skagafjörður

Umbrot og prentun: Nýprent ehf.